

Reykjavík, 6. janúar 2015.

Rökstutt álit um áminningu vegna brota á lögum um endurskoðendur nr. 79/2008 við endurskoðun ársreiknings sparisjóðs X fyrir árið 2008

Upphaf máls og málsmeðferð

Þann 17. janúar 2012 barst endurskoðendaráði kvörtun frá fyrrum stofnfjáreiganda sparisjóðs X, vegna vinnubragða endurskoðenda sparisjóðsins við ársreikning hans árið 2008, sem A og B, endurskoðendur, árituðu.

Með bréfi, dags. 3. apríl 2012, tilkynnti endurskoðendaráð KPMG ehf. um kvörtunina og gaf félaginu kost á að koma á framfæri athugasemdum vegna hennar. Athugasemdir bárust með bréfi, dags. 3. maí 2012. Í bréfinu kemur meðal annars fram að við endurskoðun ársreiknings sparisjóðs X fyrir árið 2008 hafi verið beitt hefðbundnum endurskoðunaraðgerðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og að niðurstaða þeirrar vinnu hafi verið sú að árita ársreikninginn fyrirvaralaust. Síðar hafi komið í ljós að sumar eignir reyndust verðminni en gert var ráð fyrir í ársreikningi sparisjóðsins.

Á fundi endurskoðendaráðs þann 18. september 2012 var ákveðið að taka framkvæmd endurskoðunar á ársreikningi sparisjóðs X vegna ársins 2008 til nánari athugunar. Í kjölfarið tilnefndi endurskoðendaráð sérstaka skoðunarmenn, þau C, löggiltan endurskoðanda og D, löggiltan endurskoðanda og þáverandi ráðsmann endurskoðendaráðs, til að gera úttekt á endurskoðun ársreiknings sparisjóðs X vegna ársins 2008.

Þann 24. október 2012 sendi endurskoðendaráð bréf til KPMG ehf., þar sem tilkynnt var að ráðið hefði ákveðið að taka til nánari athugunar framkvæmd endurskoðunar á ársreikningi sparisjóðs X vegna ársins 2008. Í bréfinu kemur fram að ráðið hafi tilnefnt sérstaka skoðunarmenn til að gera úttekt á endurskoðun umrædds ársreiknings og var óskað eftir fundi með gæðastjóra KPMG ehf. til að fara yfir skipulag verkefnisins og afhendingu gagna af hálfu félagsins. Var félaginu jafnframt gefinn kostur á að gera athugasemdir við tilnefningu skoðunarmanna. Engar athugasemdir bárust endurskoðendaráði vegna tilnefningar skoðunarmanna.

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 22. nóvember 2012, var B, löggiltum endurskoðanda, og A, löggiltum endurskoðanda, tilkynnt sérstaklega um meðferð málsins áður en skoðunin hófst, þar sem framangreindir einstaklingar árituðu ársreikning sparisjóðs X fyrir árið 2008. Engar athugasemdir bárust frá aðilum í kjölfarið.

Þann 15. ágúst 2013 var endanlegri skýrslu C og D um endurskoðun sparisjóðs X vegna ársins 2008, skilað til endurskoðendaráðs og eru samskipti skoðunarmanna við endurskoðunarteymið rakin á bls. 3-4 í skýrslunni. Athugasemdir KPMG ehf. við drög að greinargerð skoðunarmanna, dags. 28. maí 2013 og 18. júní 2013, eru birt sem fylgiskjöl með skýrslunni.

Eftir að endurskoðendaráði barst skýrslan voru skýrsluhöfundar boðaðir á fund ráðsins þann 2. september 2013 til að kynna niðurstöður skýrslunnar. Á fundi endurskoðendaráðs þann 14. október 2013 var farið yfir framangreinda skýrslu og var það niðurstaða ráðsins ekki yrði hjá því komist að gera athugasemdir við vinnu KPMG ehf., A og B við endurskoðun sparisjóðs X fyrir árið 2008.

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 11. nóvember 2013, var A, B og framkvæmdastjóra KPMG ehf., tilkynnt að með vísan til þeirra alvarlegu athugasemda sem endurskoðendaráð teldi að gera þyrfti við endurskoðun sparisjóðs X vegna ársins 2008, kæmi til álita að beitt yrði viðurlögum skv. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Í bréfinu var með ítarlegum hætti gerð grein fyrir þeim athugasemdum og ábendingum sem fram komu í skýrslu skoðunarmanna. Þá var gerð grein fyrir mati endurskoðendaráðs og þeim þáttum sem ráðið taldi að gera yrði athugasemdir við. Málstaðilum var jafnframt veittur þriggja vikna frestur til þess að koma að athugasemdum sínum í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin í málinu. Þann 28. nóvember 2013 var óskað eftir því að andmælafresturinn yrði framlengdur til 20. desember og var orðið við þeirri ósk.

Með bréfi, dags. 20. desember 2013, bárust endurskoðendaráði athugasemdir frá lögmanni A, B og KPMG ehf. Eingöngu var um að ræða athugasemdir við formhlið málsins og lutu athugasemdirnar einkum að því að við málsmeðferðina hafi endurskoðendaráð ekki fylgt ákvæðum laga nr. 79/2008 um gæðaeftirlit og reglum um framkvæmd gæðaeftirlits nr. 771/2012. Auk þess voru gerðar athugasemdir við hæfi tveggja ráðsmanna endurskoðendaráðs við meðferð málsins. Var þess krafist að málinu yrði vísað frá endurskoðendaráði eða það eftir atvikum fellt niður.

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 23. janúar 2014, var lögmanni málsaðila tilkynnt að endurskoðendaráð teldi að ekki væru neinir þeir annmarkar á málsmeðferð þess sem leiða ættu til frávísunar málsins frá ráðinu. Þá var því hafnað að tveir ráðsmenn væru vanhæfir til meðferðar málsins. Óskaði ráðið eftir því að komið yrði á framfæri andmælum við efnishlið málsins innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs ráðsins.

Þann 4. febrúar 2014 bárust endurskoðendaráði tveir tölvupóstar frá lögmanni málsaðila þar sem annars vegar var óskað eftir því að frestur til þess að koma að efnislegum athugasemdum í málinu yrði framlengdur til 24. febrúar 2014. Hins vegar óskaði lögmaðurinn eftir því að honum yrðu send endurrit fundargerða ráðsins þar sem málið eða aðdragandi þess hefðu verið til umfjöllunar auk afrita af skipunar- eða erindisbréfum C og D, væri þeim til að dreifa. Fallist var á beiðni um frest til að koma að efnislegum athugasemdum.

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 18. febrúar 2014, voru lögmanni málsaðila send endurrit fundargerða ráðsins, þar sem finna mátti endanlega ákvörðun ráðsins um tiltekna þætti málsmeðferðarinnar. Þá var lögmanni einnig sent afrit af ráðningarbréfi C vegna starfa við gerð skýrslunnar. Í bréfinu kom einnig fram að það væri mat ráðsins að hluti þeirra fundargerða, sem óskað væri eftir, væru undanþegnar upplýsingarétti.

Með bréfi lögmanns málsaðila, dags. 27. febrúar 2014, var óskað eftir frekari rökstuðningi á ákvörðun endurskoðendaráðs um að afhenda ekki endurrit allra þeirra fundargerða ráðsins, þar sem umrætt mál hefur verið til umfjöllunar. Þá var jafnframt óskað eftir afriti af tilkynningu endurskoðendaráðs til Fjármálaeftirlitsins, minnisblaði starfsmanns ráðsins og afriti af öllum gögnum endurskoðendaráðs, sem varða endurskoðun sparisjóðs Y fyrir árið 2008. Auk þess var óskað eftir frekari fresti til þess að svara erindinu eftir að umbeðin gögn bærust.

Þann 14. mars 2014 sendi endurskoðendaráð bréf til lögmanns málsaðila þar sem fallist var á að veita aðgang að nánar tilgreindum fundargerðum ráðsins, að því leyti sem viðkomandi fundargerðir snertu umfjöllun ráðsins um endurskoðun sparisjóðs X árið 2008. Þá sendi ráðið lögmanni málsaðila afrit af bréfi ráðsins til Fjármálaeftirlitsins og hluta fundargerðar ráðsins, þar sem fjallað var um endurskoðun

sparisjóðs Y árið 2008. Þá fór endurskoðendaráð jafnframt fram á að send yrðu andmæli við efnishlið ráðsins innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins.

Endurskoðendaráði bárust á ný athugasemdir við formhlið málsins með bréfi lögmanns málsaðila, dags. 28. mars 2014. Í bréfinu kemur fram að málsaðilar telji að þeir annmarkar á málsmeðferð endurskoðendaráðs, sem raktir eru í bréfi lögmanns til ráðsins frá 20. desember 2013 eigi að leiða til þess að málinu verði vísað frá endurskoðendaráði og það eftir atvikum fellt niður. Þá var jafnframt óskað eftir fullum aðgangi að fundargerðum ráðsins frá 12. apríl 2012 og 18. september 2012.

Endurskoðendaráð svaraði lögmanni aðila, með bréfi, dags. 25. apríl 2014. Í bréfi ráðsins kemur fram að ráðið hafi ákveðið að veita aðgang að öllu því sem bókað var á fundi endurskoðendaráðs 18. september 2012 auk afrits af þeim hluta fundargerðar frá 12. apríl 2012, sem varðar málið, þrátt fyrir að endurskoðendaráði bæri ekki skylda til þess að veita aðgang að umræddum fundargerðum. Í bréfi endurskoðendaráðs kemur einnig fram að niðurstaða ráðsins frá 23. janúar 2014, þar sem ítarlega hafi verið fjallað um meðferð málsins hjá ráðinu, sé óbreytt. Ráðið telji því að ekki séu neindir þeir annmarkar á málsmeðferð, sem leiða eigi til frávísunar málsins. Í bréfi sínu tók endurskoðendaráð jafnframt fram að sökum þess að ítrekaðir frestir hafi verið veittir til þess að koma að efnislegum athugasemdum í málinu muni ráðið ekki veita frekari fresti, heldur verði málið tekið til efnislegrar afgreiðslu 8. maí 2014 hvort sem athugasemdir hefðu borist eða ekki. Með tölvupósti, dags. 7. maí 2014, veitti endurskoðendaráð lögmanninum lokafrest til 9. maí til að gera efnislegar athugasemdir við erindi ráðsins frá 11. nóvember 2013.

Endurskoðendaráði bárust efnislegar athugasemdir við málið með bréfi lögmanns málsaðila, dags. 9. maí 2014. Í bréfi lögmanns málsaðila er fjallað um þær athugasemdir sem endurskoðendaráð gerir við endurskoðun sparisjóðs X vegna ársins 2008 og fram koma í bréfi ráðsins til málsaðila, dags. 11. nóvember 2013.

Með hliðsjón af þeim athugasemdum sem bárust ákvað endurskoðendaráð að óska eftir frekari gögnum um nánar tiltekin atriði frá lögmanni aðila, og var það gert með bréfi, dags. 27. júní 2014. Var óskað eftir upplýsingum um það hvaða gögn hefðu legið til grundvallar mati á því að sparisjóður X uppfyllti skilyrði til þess að fá eiginfjárframlag frá ríkinu. Einnig var óskað eftir upplýsingum og útreikningum sem lágu til grundvallar mati á því hvaða fjárhæð sjóðurinn fengi úr ríkissjóði, ásamt uppfærðum útreikningi á eiginfjárlutfalli sjóðsins vegna þess framlags.

Svar ásamt fylgigögnum barst endurskoðendaráði með bréfi, dags. 6. ágúst 2014.

Hefur málið verið til meðferðar hjá endurskoðendaráði síðan og hefur meðferð þess dregist vegna anna ráðsins.

Athugasemdir um form og málsmeðferð

Í athugasemdum frá lögmanni A, B og KPMG ehf. kemur fram sú skoðun að verulegir annmarkar séu á málsmeðferð endurskoðendaráðs. Verður nú gerð grein fyrir einstökum athugasemdum og niðurstöðu endurskoðendaráðs varðandi þær.

Málsaðilar telja að sú úttekt sem framkvæmd var af sérfræðingum að beiðni endurskoðendaráðs falli undir ákvæði laga og reglna um gæðaeftirlit og því hafi átt að fylgja þeim lögum og reglum sem gilda um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda. Auk þess telja málsaðilar að takmörkuð rannsókn hafi

farið fram af hálfu endurskoðendaráðs á niðurstöðum í skýrslu þeirra er framkvæmdu umrædda úttekt. Þá telja aðilar að sakargiftir og rökstuðningur að baki þeim sé það óljós að þeir fái ekki notið fullnægjandi andmælaréttar samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga og því geti málið ekki talist nægjanlega upplýst svo hægt sé að taka ákvörðun í því, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga. Er þess krafist af hálfu málsaðila að málinu verði vísað frá endurskoðendaráði eða það eftir atvikum fellt niður.

Líkt og að framan greinir er upphaf máls þessa að rekja til þess að stofnfjáreigandi sparisjóðs X kvartaði til endurskoðendaráðs yfir vinnubrögðum málsaðila við endurskoðun ársreiknings sparisjóðsins fyrir árið 2008. Í kjölfar kvörtunarinnar bar ráðinu, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. laga um endurskoðendur, að taka kvörtunina til nánari athugunar, enda hafði kvartandi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Í samræmi við rannsóknarreglu stjórnarsýslulaga ákvað endurskoðendaráð því að framkvæma úttekt á endurskoðun sparisjóðs X vegna ársins 2008, áður en ráðið úrskurðaði í málinu. Þrátt fyrir að úttektin hafi verið framkvæmd undir heitinu *sérstakt gæðaeftirlit á endurskoðun sparisjóðs X vegna ársins 2008* var ekki um að ræða gæðaeftirlit í þeim skilningi sem kveðið er á um í VII. kafla laga um endurskoðendur og reglum nr. 771/2012 um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Eins og fram kemur í 2. gr. fyrrgreindra reglna felur slíkt gæðaeftirlit í sér könnun á gæðakerfi endurskoðunarfyrtækis, gæðastjórnun endurskoðenda og skoðun vinnuskjala. Samkvæmt ákvæðinu skal slíkt gæðaeftirlit fela í sér sannprófanir á að gæðakerfi, gæðastjórnun og frágangur vinnuskjala sé í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Úttekt sú sem endurskoðendaráð lét framkvæma á endurskoðun sparisjóðs X fólst í því að leitað var svara við efnisspurningum um framkvæmd endurskoðunar og þannig leitast við að fá heildaryfirlit um gagnaöflun og skráningu endurskoðunar á ársreikningi sparisjóðs X fyrir árið 2008. Sérstök áhersla var lögð á að skoða útlán til viðskiptamanna og fjáreignir sem tilgreindar voru á gangvirði, en þær eignir eru veigamestar í ársreikningnum og auk þess háðar mati og þar með tiltekinni óvissu um bókfært verð. Einnig var til skoðunar hvaða hugsanleg áhrif mat á þeim hefði á rekstrahæfi sjóðsins og áritun endurskoðenda. Úttektin var því liður í meðferð máls sem var til skoðunar hjá endurskoðendaráði og taldi ráðið að þessi háttur á málsmeðferðinni væri best til þess fallin að upplýsa málið áður en ráðið felldi endanlegan úrskurð í samræmi við 3. mgr. 16. gr. laga um endurskoðendur. Málsaðilar hafa verið upplýstir um gang mála allt frá því að endurskoðendaráð ákvað að framkvæma skyldi áðurgreinda úttekt á endurskoðun ársreikningsins. Þeir hafa frá upphafi haft vitneskju um að úttektin fæli í sér könnun á framkvæmd endurskoðunar sparisjóðs X vegna ársins 2008 og að ekki væri um að ræða hefðbundið gæðaeftirlit sem byggir á úrtaki endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja, og ekki gert við það athugasemdir. Getur endurskoðendaráð því ekki fallist á að sú úttekt sem ráðið lét framkvæma á endurskoðun sparisjóðs X vegna ársins 2008 hafi átt að falla undir ákvæði laga og reglna um gæðaeftirlit.

Endurskoðendaráð telur að farið hafi verið að málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga í hvívetna við meðferð málsins. Í 3. mgr. 18. gr. laga um endurskoðendur kemur fram að endurskoðendaráð skuli jafnan leita álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna er ráðið skipa. Til þess að tryggja að málsmeðferð ráðsins yrði sem vönduðust ákvað endurskoðendaráð því að auk þess sem D þáverandi ráðsmaður endurskoðendaráðs, tæki út framkvæmd endurskoðunar ársreiknings X frá 2008, skyldi C, endurskoðandi, jafnframt vera fengin til verksins, enda taldi ráðið nauðsynlegt að umrædd skoðun yrði framkvæmd af aðilum sem starfa við endurskoðun og búa yfir mikilli sérfræðipækkingu á sviði endurskoðunar.

Málsaðilum var kunnugt um með hvaða hætti úttektin yrði framkvæmd og hvað yrði lagt mat á við skoðunina. Var þeim einnig ítrekað veittur andmælaréttur á meðan á málsmeðferðinni stóð. Hinn 3. apríl 2012 var þáverandi framkvæmdastjóra KPMG ehf., A, sem jafnframt er aðili málsins, þannig gerð grein fyrir fram kominni kvörtun og gefinn kostur á að tjá sig um erindið. Svör bárust endurskoðendaráði frá KPMG ehf. með bréfi, dags. 3. maí 2012. Hinn 24. október s.á. tilkynnti ráðið KPMG ehf. að það hygðist taka endurskoðun sparisjóðsins til nánari skoðunar og óskaði fundar með það fyrir augum að ræða tilhögun skoðunar. Þar sem A og B árituðu viðkomandi ársreikning var þeim með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 22. nóvember 2012, tilkynnt sérstaklega um meðferð málsins áður en umrædd skoðun hófst.

Á bls. 3. í skýrslu skoðunarmanna er fjallað um samskipti við endurskoðunarteymið. Líkt og þar kemur fram voru samskipti skoðunarmanna við endurskoðunarteymið tíð og var málsaðilum gefið færi á að koma að andmælum sínum í tvígang áður en endanleg skýrsla um niðurstöðu úttektarinnar var afhent endurskoðendaráði þann 15. ágúst 2013.

C og D komu síðan á fund endurskoðendaráðs þann 2. september 2013 og fjölluðu um niðurstöður úttektarinnar. Endurskoðendaráð fór ítarlega yfir skýrslu þeirra og lagði í kjölfarið sjálfstætt mat á og tók afstöðu til hvort að það sem fram kemur í skýrslunni gæfi tilefni til þess að endurskoðendaráð beitti þeim úrræðum sem kveðið er á um í 17. gr. laga um endurskoðendur. Slík yfirferð gat þó aldrei orðið jafn ítarleg og úttekt C og D, enda hefði ráðið þá allt eins getað framkvæmt skoðunina sjálf. Endurskoðendaráð getur ekki fallist á að rökstuðningi í bréfi ráðsins hafi verið áfátt. Í skýrslu skoðunarmanna er ítarleg umfjöllun um hvern og einn þátt sem tekinn var til skoðunar. Þegar endurskoðendaráð var sammála niðurstöðu skoðunarmanna taldi ráðið því óþarft að endurtaka þá umfjöllun sem fram kemur í skýrslu þeirra, en í þau skipti sem ráðið taldi að gera ætti aðrar athugasemdir rökstuddi ráðið það sérstaklega.

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 11. nóvember 2013, var málsaðilum gerð grein fyrir því að ráðið teldi að gera þyrfti alvarlegar athugasemdir við endurskoðun sparisjóðs X vegna ársins 2008 og vegna þess kæmi til álita að ráðið beitti málsaðila viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga um endurskoðendur. Var málsaðilum því veittur andmælaréttur í samræmi við 13. gr. stjórnýslulaga áður en endanleg ákvörðun yrði tekin í málinu.

Í ljósi alls framangreinds getur endurskoðendaráð ekki fallist á að rannsókn ráðsins hafi verið ófullnægjandi eða athugasemdir ráðsins og rökstuðningur svo óljós að aðilar hafi ekki notið fullnægjandi andmælaréttar samkvæmt 13. gr. stjórnýslulaga. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að ekki séu neinir þeir annmarkar á málsmeðferð ráðsins sem leiða eigi til frávísunar eða niðurfellingu málsins.

Verður nú vikið að efnislegum athugasemdum málsaðila.

Efnislegar athugasemdir málsaðila

Endurskoðendaráði bárust athugasemdir við efnishlið málsins með bréfi lögmanns málsaðila, dags. 9. maí 2014. Í bréfinu er athugasemdum endurskoðendaráðs við vinnu B og A við endurskoðun ársreiknings sparisjóðs X fyrir árið 2008 andmælt. Verður nú gerð grein fyrir helstu athugasemdum málsaðila.

Endurskoðun útlánamats og tengdra skýringa

Málsaðilar hafna því að endurskoðunarfyrirmæli sem fram komu í vinnuskjölum vegna endurskoðunar á virði útlánasafnsins hafi verið ófullnægjandi eða skort tengingu við niðurstöðu aðgerðaendurskoðunar. Í andmælabréfinu segir að kjarni málsins sé að í endurskoðunarfyrirmælunum hafi ekki verið gert ráð fyrir að beitt væri aðgerðaendurskoðun við mat útlána og þess vegna hafi endurskoðunargögnin ekki haft að geyma niðurstöðu aðgerðaendurskoðunar hvað útlánin snerti, þrátt fyrir að hún hafi farið fram. Þá segir að málsaðilar hafi talið sig hafa fylgt fyrirmælum 51. gr. ISA 330 staðalsins.

Því er einnig andmælt að málsaðilar hafi að verulegu leyti byggt á upplýsingum stjórnenda án þess að hægt væri að sjá að þær hafi fengið gagnrýna skoðun. Fram kemur að 56% útlána hafi verið skoðuð með gagnaendurskoðun og 44% með aðgerðaendurskoðun og feli slík endurskoðun að mati málsaðila í sér gagnrýnið mat á upplýsingum stjórnenda. Þá segir að málsaðila reki ekki minni til annars en að einungis í einu tilviki hafi verið byggt á upplýsingum stjórnenda um mat útlána, þ.e. vegna láns til Ö, en takmörkuð gögn hafi verið fyrir hendi til þess að meta raungildi þess. Þá hafi málsaðilar ekki haft aðgang að öðrum og betri upplýsingum en stjórnendur sparisjóðsins hafi lagt fram um málið. Einnig halda málsaðilar því fram að skoðunarmenn hafi litið fram hjá ástandi efnahagsmála á þeim tíma sem endurskoðun ársreikningsins fór fram. Fjöldmörg fyrirtæki hafi verið í miklum fjárhagserfiðleikum og takmarkaðar upplýsingar hafi verið um stöðu þeirra og sú skoðun sem viðkomandi lánveiting fékk hafi því verið eðlileg.

Endurskoðun á fjáreignum tilgreindum á gangvirði og tengdum skýringum

Málsaðilar hafna því að endurskoðunarfyrirmæli hafi ekki innihaldið lýsingu á umfangi gagnaendurskoðunar og að tenging við áhættumatið hafi ekki verið skýr. Byggja málsaðilar á því að rangt sé að áhættumatið sem framkvæmt hafi verið í upphafi hafi einungis verið í formi greiningaraðgerða á rekstrar og efnahagsreikningi. Tekið er fram að áhættumatið hafi verið megin þemað í allri upplýsingaöflun og vinnu sem tilgreind var í vinnugögnum og að hver einasta eign í viðkomandi flokki hafi verið gagnaendurskoðuð.

Þá hafna málsaðilar því að engin skráning hafi verið í vinnugögnum endurskoðenda á framkvæmd og niðurstöðum endurskoðunar á virði fjáreigna sem tilgreindar voru á gangvirði. Þrátt fyrir að skoðunarmenn hafi ekki alltaf verið sáttir við vinnugögn málsaðila hafi þeir skoðað og þreifað á ýmsum gögnum þar sem fram hafi komið niðurstöður endurskoðunarinnar. Því til stuðnings hafi málsaðilar látið nokkur þeirra vinnuskjala sem tilheyrðu viðkomandi eignaflokki fylgja með andmælabréfinu. Fram kemur að niðurstöður endurskoðunarteymisins vegna fjáreigna á gangvirði og ályktun um niðurstöðurnar hafi samanstaðið af nánar tilgreindum þáttum og á grundvelli þeirra hafi það verið niðurstaða endurskoðunarteymisins að fyrirliggjandi yfirferð og endurskoðun væru fullnægjandi og styddu niðurstöðu um mat fjáreigna á gangvirði sem fram kom í ársreikningi 2008. Sökum þessa telja málsaðilar að athugasemd endurskoðendaráðs eigi ekki við rök að styðjast.

Þá hafna málsaðilar því að skýringar í ársreikningi beri þess engin merki að veruleg óvissa hafi verið um mat á fjáreignum á gangvirði. Endurskoðendaráð viki ekki að því hvernig skýringar í ársreikningnum hefðu hugsanlega átt að vera öðruvísi svo þær uppfylltu kröfur sem leiddar verði af IFRS (International Financial Reporting Standards). Byggja málsaðilar á því að gerð hafi verið grein fyrir óvissunni í skýrslu stjórnar, auk þess sem hana hafi mátt ráða af öðrum upplýsingum í ársreikningnum.

Mat á áframhaldandi starfsemi

Málsaðilar mótmæla því að endurskoðendaráð geri athugasemd við að ekki hafi komið fram skýring í ársreikningi varðandi þá óvissu sem uppi var vegna mats á áframhaldandi starfsemi. Í andmælum segir að öllum hafi mátt vera ljóst að eiginfjárlutfallið hafi verið tæpt, enda hafi það komið fram í ársreikningnum. Þess vegna hafi sérstaklega verið farið yfir það með hvaða hætti stjórnendur sparisjóðsins gætu brugðist við, kæmi til þess að sjóðurinn yrði að mæta frekari áföllum. Segir meðal annars að legið hafi fyrir að stjórnendur sparisjóðsins hafi ætlað að sækja um framlag til ríkisins samkvæmt neyðarlögunum og hafi sú fyrirætlun verið sett fram í staðfestingarbréfi stjórnenda í ársbyrjun 2009. Þegar ársreikningurinn hafi verið undirritaður hafi síðan verið farið yfir skilyrðin sem þekkt voru svo unnt væri að fá framlag frá ríkinu og ekki hafi þótt ástæða til þess að ætla annað en að framlagið fengist. Þannig hafi útreikningur á Corep-hlutfalli vegna ársuppgjörs 2008, að meðtöldu nýju eiginfjárlagum, sýnt 14% eiginfjárlutfall. Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu hefði þá numið tæpum 11,2 milljörðum króna, í stað þeirra 546 milljóna króna sem skýring 86 sýndi í ársreikningi 2008.

Málsaðilar byggja á því að óvissan í eignamati hafi fengið mikla skoðun, en einnig hafi verið fjallað um óvissuna í skýrslu stjórnar í ársreikningnum. Þar hafi komið fram að sjóðurinn uppfyllti ekki lengur ákvæði í lánasamningum um eiginfjárlutfall, sem voru hærri en lögbundið lágmarkshlutfall, sem sjóðurinn uppfyllti. Þrátt fyrir óvissu hafi það verið niðurstaðan að sjóðurinn uppfyllti lágamarkskröfur um eigið fé. Niðurstaða málsaðila hafi því verið sú að sparisjóðurinn væri rekstrarhæfur næstu 12 mánuði og að ekki væri þörf á ábendingu í áritun vegna stöðunnar.

Málsaðilar mótmæla jafnframt þeirri skoðun endurskoðendaráðs, sem fram kemur í fundargerð ráðsins frá 14. október 2013, um að ekki hafi verið viðeigandi að gera ráð fyrir framlagi frá ríkinu þar sem ekki hafi legið fyrir staðfesting á því. Telja málsaðilar að miðað við upplýsingar sem fyrir lágu þegar gengið hafi verið frá ársreikningi sparisjóðsins vegna ársins 2008 hafi ekki verið ástæða til að ætla að það gengi ekki eftir, enda hafi sparisjóðurinn uppfyllt öll skilyrði sem sett höfðu verið um framlag frá ríkinu.

Álit endurskoðendanna

Málsaðilar hafna því að vegna verulegra annmarka á skjölun á mati á útlánasafni og fjáreignum sem tilgreindar voru á gangvirði hafi leikið vafi á því að vinnuskjöl endurskoðenda rökstyddu fyrirvaralaus áritun á ársreikninginn. Byggja málsaðilar á því að í ISA 230 staðlinum sé lögð áhersla á að skráning endurskoðunar sé með þeim hætti að endurskoðandi sem hafi þekkingu og reynslu af sambærilegu verkefni, en engin tengsl við endurskoðunina, geti rakið hvernig endurskoðunin uppfylli kröfur staðlanna, niðurstöður hennar og hvernig leyst hafi verið úr verulegum álitamálum sem fram komu við endurskoðunina. Á árinu 2009 hafi endurskoðun á sparisjóðnum farið í gegnum slíkt gæðaeftirlit þar sem erlendir sérfræðingar KPMG ehf. hafi farið yfir endurskoðunargögnin. Niðurstöður þess gæðaeftirlits hafi verið þær að verkefnið stæðist kröfur sem gerður væru til endurskoðunar sem framkvæmd væri í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Telja málsaðilar sig hafa aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja fyrirvaralaust álit sitt á og að endurskoðun ársreikningsins hafi þegar á heildina hafi verið litið, verið í samræmi við kröfur þar um.

Aðrar athugasemdir sem fram koma í andmælabréfi

Auk þeirra athugasemda sem að framan eru raktar, gera málsaðilar athugasemdir við málsmeðferð endurskoðendaráðs. Er því haldið fram að málsmeðferð endurskoðendaráðs brjóti gegn rannsóknarreglu og andmælarétti málsaðila.

Því er einnig haldið fram að með vísan til upplýsinga í grein 2.3 í reglu reikningsskilaráðs nr. 1 megi gera ákveðnar kröfur til lesenda ársreikninga og af ákvæðinu verði ekki annað ráðið en að gera hafi mátt ráð fyrir að lesandi ársreiknings sparisjóðs X fyrir árið 2008 gerði sér grein fyrir stöðu efnahagsmála á Íslandi og jafnframt þeirri óvissu sem væri á verðmati eigna sjóðsins. Þá er einnig fullyrt að heimildir málsaðila til þess að bæta við endurskoðunargögnum eftir að endurskoðun lauk hafi verið fullnægjandi, þar sem ekki hafi verið um viðbótarendurskoðunaraðgerðir að ræða, heldur bættu og skýrari skjölun. Einnig er öllum þeim ábendingum mótmælt, sem fram koma í bréfi ráðsins til málsaðila, dags. 11. nóvember 2013. Loks gera málsaðilar athugasemdir við atriði, sem eingöngu koma fram í skýrslu skoðunarmanna, en er ekki vikið að í bréfi endurskoðendaráðs til aðila máls.

Beiðni endurskoðendaráðs um frekari upplýsingar

Eftir ítarlega yfirferð yfir athugasemdir málsaðila var það niðurstaða endurskoðendaráðs að rétt væri að afla frekari gagna áður en efnisleg ákvörðun yrði tekin í málinu. Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 30. júní 2014, var því óskað eftir upplýsingum um það hvaða gögn lágu til grundvallar mati á því að sparisjóður X uppfyllti skilyrði til þess að fá eiginfjárframlag frá ríkinu. Einnig var óskað eftir upplýsingum og útreikningum sem lágu til grundvallar mati á því hvaða fjárhæð sjóðurinn fengi úr ríkissjóði, ásamt uppfærðum útreikningi á eiginfjárlutfalli sjóðsins vegna þess framlags.

Svör bárust endurskoðendaráði með bréfi, dags. 6. ágúst 2014. Í bréfinu er vísað til 2. gr. laga nr. 125/2008 þar sem er að finna heimild ríkissjóðs til að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Samkvæmt reglum um framlag til sparisjóða á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. skyldi útreikningur á hámarks eiginfjárframlagi miðast við samþykktan ársreikning viðkomandi sjóðs þann 31. desember 2007. Ársreikningur sparisjóðs X vegna ársins 2007 hafi sýnt að bókfært eigið fé sjóðsins var kr. 53.196.945.000 og 20% hámarksframlag því kr. 10.639.389.000.

Að því er varðar beiðni endurskoðendaráðs um upplýsingar um það hvaða gögn hafi legið til grundvallar mati á því að sparisjóður X uppfyllti skilyrði til þess að fá eiginfjárframlag frá ríkinu vísa málsaðilar til áðurgreindra reglna um framlag til sparisjóða, en í 2. gr. reglnanna er kveðið á um að sýnt skuli fram á að eiginfjárframlagið sé hluti af raunhæfri endurskipulagningu á fjárhag sparisjóðs með nánar tilgreindum hætti, sem fram kemur í fimm tölusettum liðum í ákvæðinu. Í áðurgreindu bréfi kemur fram að sparisjóður X hafi talið sig uppfylla þau skilyrði sem fram komu í ákvæðinu. Að auki er vísað til fréttatilkynningar sparisjóðs X vegna ársreiknings 2008, sem innihélt umfjöllun um fyrirætlan sjóðsins um umsókn ríkisframlags, svars Gylfa Magnússonar, þáverandi viðskiptaráðherra, við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar á Alþingi, frá 4. febrúar 2009, um aðgerðir til stuðnings sparisjóðunum, þar sem fram kom að ekki væri við því að búast að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði athugasemdir við að nýtt yrði heimildarákvæði laganna til þess að styðja við sparisjóðina. Loks er vikið að fréttatilkynningu fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 7. desember 2009, þar sem fram kemur að fjármálaráðuneytið hafi í samráði við efnahags og viðskiptaráðuneytið og Seðlabanka

Íslands unnið að því að leiða fjárhagslega endurskipulagningu sparisjóðanna til lykta. Á grundvelli þessa gagna telja málsaðilar að X hafi uppfyllt skilyrði til þess að fá eiginfjárframlag frá ríkinu.

Niðurstaða endurskoðendaráðs

Í bréfi endurskoðendaráðs til málsaðila, dags. 11. nóvember 2013, var gerð grein fyrir mati endurskoðendaráðs og þeim þáttum sem ráðið taldi að gera yrði athugasemdir við. Í bréfinu var í fyrsta lagi fjallað um endurskoðun útlána. Í öðru lagi um endurskoðun á fjáreignum tilgreindum á gangvirði. Í þriðja lagi var fjallað um mat á áframhaldandi starfsemi. Loks var fjallað um álit endurskoðendanna. Verður nú gerð grein fyrir niðurstöðu endurskoðendaráðs varðandi framangreinda þætti.

Endurskoðun útlána

Í bréfi endurskoðendaráðs, dags. 11. nóvember 2013, voru raktar ábendingar og athugasemdir, sem fram komu í sérstakri úttekt sem endurskoðendaráð lét gera á endurskoðun ársreiknings sparisjóðs X fyrir árið 2008, varðandi endurskoðun útlána. Í úttektinni voru gerðar alvarlegar athugasemdir við að endurskoðunarfyrirmæli sem fram komu í vinnuskjölum vegna endurskoðunar á virði útlána væru ófullnægjandi og skorti tengingu við niðurstöðu aðgerðarendurskoðunar. Þá var gerð athugasemd við að ekki væri til staðar skýr skjölun á framkvæmd og niðurstöðum gagnaendurskoðunar á þeim hluta lánasafnsins sem ekki taldist „stór lán“ og þannig ekki ljóst hvernig niðurstaða fékkst um að sá hluti lánasafnsins innihéldi ekki skekkju sem væri umfram mikilvægismörk. Loks var gerð athugasemd við að byggt væri að verulegi leyti á upplýsingum stjórnenda án þess að hægt væri að sjá að þær upplýsingar hafi fengið gagnrýna skoðun. Í úttektinni var einnig bent á að í endurskoðunargögnum væri ekki hægt að sjá að áhættumatið sem framkvæmt var í upphafi hafi tekið til reikningsskila í heild sinni heldur var eingöngu um að ræða greiningaraðgerðir á rekstrar- og efnahagsreikningi. Þá segir að endurskoðendur hafi metið virði lána sem verulega áhættu og að endurskoðunargögn beri með sér að það mat hafi verið rétt. Þrátt fyrir það beri skýringar í ársreikningi þess engin merki og að þær séu eins og um hefðbundið árferði hafi verið að ræða. Því leiki vafi á því að þær skýringar uppfylli kröfur sem gerðar eru í IFRS um fullnægjandi upplýsingar.

Einnig kom fram í umræddu bréfi endurskoðendaráðs að með tilliti til andsvara KPMG ehf. teldi ráðið ástæðu til að gera ábendingu fremur en alvarlega athugasemd við það að ekki hafi verið til staðar skýr skjölun á framkvæmd og niðurstöðum gagnaendurskoðunar á þeim hluta lánasafnsins sem ekki teldist „stór lán“, en að öðru leyti væri ráðið sammála niðurstöðum skoðunarmanna varðandi endurskoðun útlánamats og tengdra skýringa.

Að virtum skýringum málsaðila varðandi endurskoðun útlána telur endurskoðendaráð athugasemdirnar vegna þessa liðar, einar sér, ekki svo alvarlegar að þær eigi að leiða til viðurlaga.

Endurskoðun á fjáreignum tilgreindum á gangvirði

Í úttekt skoðunarmanna voru gerðar alvarlegar athugasemdir við að endurskoðunarfyrirmæli innihéldu ekki lýsingu á umfangi gagnaendurskoðunar og að tenging við áhættumat væri ekki skýr. Þá var gerð athugasemd við að engin skráning væri í vinnugögnum endurskoðenda á framkvæmd og niðurstöðum endurskoðunar á virði fjáreigna sem tilgreindar voru á gangvirði. Auk þess var bent á að í endurskoðunargögnum væri ekki hægt að sjá að áhættumatið sem framkvæmt var í upphafi hafi tekið til reikningsskila í heild sinni heldur væri eingöngu um að ræða greiningaraðferðir á rekstrar- og efnahagsreikningi. Af vinnugögnum endurskoðendanna væri einnig ljóst að töluverð óvissa væri um

mat á fjáreignum á gangvirði. Þrátt fyrir það bæru skýringar í ársreikningi þess engin merki og væru þær eins og um hefðbundið árferði væri að ræða. Léki því vafi á því að þær uppfylltu kröfur sem gerðar eru í IFRS um fullnægjandi upplýsingar.

Í bréfi endurskoðendaráðs, dags. 11. nóvember 2013, kom einnig fram að ráðið teldi að gera þyrfti alvarlega athugasemd, í stað ábendingar, um að skýringar í ársreikningi bæru þess engin merki að veruleg óvissa væri um mat á fjáreignum á gangvirði, þrátt fyrir að slíkt hafi verið ljóst af vinnugögnum endurskoðenda. Því teldi ráðið að rétt hefði verið að setja annað hvort skýringu í ársreikning X, þar sem upplýst væri um verulega óvissu um mat á fjáreignum á gangvirði og að áreiðanlegri gögn lægju ekki fyrir, eða gera fyrirvara í áritun vegna óvissunnar. Í bréfinu sagði enn fremur að ráðið væri að öðru leyti sammála niðurstöðum skoðunarmanna varðandi endurskoðun á fjáreignum tilgreindum á gangvirði og tengdum skýringum.

Telur endurskoðendaráð í ljósi andmæla varðandi endurskoðun á fjáreignum tilgreindum á gangvirði að athugasemdir, einar sér, þyki ekki svo alvarlegar að þær eigi að leiða til viðurlaga.

Mat á áframhaldandi starfsemi

Í úttekt sinni töldu skoðunarmenn að benda þyrfti á að skjöl endurskoðendanna, varðandi mat á áframhaldandi starfsemi og því hvort fullnægjandi skýringar væru til staðar í samræmi við 25. gr. alþjóðlega reikningskilastaðalsins IAS nr. 1 (International Accounting Standards - IAS), innihéldu ekki umfjöllun um óvissuna sem til staðar var um mat á fjáreignum og útlánnum og hugsanlega áhrif þess á lögbundið eiginfjárhlutfall sjóðsins. Einnig töldu skoðunarmenn að benda þyrfti á að skjölun endurskoðendanna um forsendur stjórnenda um áframhaldandi starfsemi væri ekki nægjanlega skýr.

Í bréfi endurskoðendaráðs til málsaðila, dags. 11. nóvember 2013, kom fram að endurskoðendaráð teldi að gera þyrfti alvarlega athugasemd við að það skorti umfjöllun um óvissuna sem til staðar var um mat á fjáreignum og útlánnum og hugsanleg áhrif þess á lögbundið eiginfjárhlutfall sjóðsins.

Endurskoðendaráð hefur farið yfir andmæli málsaðila og telur að ekki verði hjá því komist að gera alvarlega athugasemd við að ekki komi fram í skýringum með ársreikningnum að ársreikningur sparisjóðs X fyrir árið 2008 sé byggður á þeirri forsendu að um áframhaldandi rekstur sparisjóðsins sé að ræða, eins og gerð er krafa um í þágildandi 25. og 26. gr. IAS, en þar segir:

25 When preparing financial statements, management shall make an assessment of an entity's ability to continue as a going concern. An entity shall prepare financial statements on a going concern basis unless management either intends to liquidate the entity or to cease trading, or has no realistic alternative but to do so. When management is aware, in making its assessment, of material uncertainties related to events or conditions that may cast significant doubt upon the entity's ability to continue as a going concern, the entity shall disclose those uncertainties. When an entity does not prepare financial statements on a going concern basis, it shall disclose that fact, together with the basis on which it prepared the financial statements and the reason why the entity is not regarded as a going concern.

26 In assessing whether the going concern assumption is appropriate, management takes into account all available information about the future, which is at least, but is not limited to, twelve months from the end of the reporting period. The degree of consideration depends on the facts in each case. When an entity has a history of profitable operations and ready access to financial resources, the entity may reach a conclusion that the going concern basis of accounting is appropriate without detailed analysis. In other cases, management may need to consider a wide range of factors relating to current

and expected profitability, debt repayment schedules and potential sources of replacement financing before it can satisfy itself that the going concern basis is appropriate.

Þar sem framangreindar upplýsingar koma ekki fram í skýringum með ársreikningnum telur endurskoðendaráð að ársreikningurinn hafi ekki verið í samræmi við 25. og 26. gr. IAS 1 og þar sem um mikilvægar upplýsingar er að ræða hefðu málsaðilar átt að vera með fyrirvara í áritun vegna þessa eða óska eftir að skýringar ársreiknings væru lagaðar. Í ársreikningnum kemur fram að ársreikningurinn hafi verið gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og í áritun endurskoðenda kemur fram að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur skal endurskoðandi rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt. Í ákvæði II til bráðabirgða í lögnum segir jafnframt að þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafi verið teknir upp í íslenskan rétt skuli endurskoðun samkvæmt 9. gr. fara eftir góðri endurskoðunarvenju. Með góðri endurskoðunarvenju sé átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að. Líkt og fram kemur 17. gr. laganna er endurskoðendaráði fengin heimild til beitingu viðurlaga telji ráðið sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögnum svo ekki verði við unað.

Þá liggur fyrir og viðurkennt er af hálfu málsaðila að veruleg óvissa hafi ríkt um mat á eignum sparisjóðsins í árslok 2008 vegna þess efnahagsástands sem ríkti á Íslandi í kjölfar hruns á fjármálamörkuðum í október 2008. Endurskoðendaráð telur því að full ástæða hafi verið til að upplýsa lesendur ársreikningsins um þá staðreynd að veruleg óvissa hafi ríkt og að ársreikningur sparisjóðsins hafi þrátt fyrir það verið byggður á forsendu um áframhaldandi rekstur ásamt rökum stjórnenda fyrir þeirri niðurstöðu. Ennfremur telur endurskoðendaráð að í ljósi mikils tapreksturs á árinu 2008 og þeirra staðreyndar að eigið fé í árslok var á mörkum þess að standast lögbundið eiginfjárhlutfall, hafi málsaðilum borið að tryggja að þessar upplýsingar kæmu fram í ársreikningi sparisjóðsins í samræmi við IAS 1. 25 eða upplýsa um þessa þætti í áritun sinni á ársreikninginn.

Það er einnig mat endurskoðendaráðs að málsaðilum hafi ekki tekist að sýna fram á að framlag frá ríkissjóði hafi verið örugg fjármögnun, enda var aðeins um heimild að ræða sem takmarkaðist við 20% af eigin fé hvers sparisjóðs. Kveðið er á um það í 2. gr. laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, að við sérstakar aðstæður sé ríkissjóði heimilt að leggja sparisjóði til fjárhæð sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé hans. Samkvæmt 1. gr. reglna um framlag sparisjóða skv. 2. gr. laga nr. 125/2008, útgefnum af fjármála- og efnahagsráðuneytinu, skyldi miða við samþykktan ársreikning viðkomandi sparisjóðs 31. desember 2007. Í 4. gr. fjárukalaga fyrir árið 2008, sem samþykkt voru á Alþingi 22. desember 2008, var að finna heimild til að leggja öllum sparisjóðum landsins til allt að 14 milljarða króna í stofnfé eða hlutafé á grundvelli 1. mgr. 2. gr. laga nr. 125/2008.

Líkt og málsaðilar hafa bent á kveður 2. gr. áðurgreindra reglna um framlag sparisjóða á um að sýnt skuli fram á að eiginfjárframlag sé hluti af raunhæfri endurskipulagningu á fjárhag sparisjóðs með nánar tilgreindum hætti. Í 5. gr. reglnanna segir hins vegar að fjármálaráðherra taki ákvörðun um framlag úr ríkissjóði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, þar sem meðal annars skuli lagt mat á það hvort sparisjóður hafi sýnt fram á að áform hans um fjárhagslega

endurskipulagningu teljist trúverðug og líkleg til árangurs. Þá ber einnig að líta til þess að kr. 14.000.000.000 voru til úthlutunar fyrir alla sparisjóði í landinu, en sparisjóður X gekk út frá því að fá kr. 10.600.000.000 af þeirri fjárhæð.

Með vísan til framangreindra ákvæða í fjárukalögum fyrir árið 2008 og reglna um framlag sparisjóða er ljóst að engin vísan var fyrir því á þeim tíma sem ársreikningurinn var áritaður eða á þeim tíma sem sótt var um eiginfjárframlagið að sparisjóður X fengi umrætt framlag frá íslenska ríkinu að fjárhæð kr. 10.600.000.000 á grundvelli 2. gr. laga nr. 125/2008. Þrátt fyrir að sparisjóður X hafi talið sig uppfylla þau skilyrði sem fram koma í 2. gr. reglna um framlag til sparisjóða voru engu að síður fjölmargir óvissuþættir til staðar um það hvort umrætt eiginfjárframlag fengist frá ríkinu. Einnig bendir endurskoðendaráð á að ekki sé tækt að byggja á gagni til grundvallar mati á því að sparisjóðurinn uppfyllti skilyrði til þess að fá eiginfjárframlag, sem varð til eftir að ársreikningurinn var áritaður, þ.e. fréttatilkynning frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu frá 7. desember 2009.

Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að við endurskoðun ársreiknings sparisjóðs X vegna ársins 2008 hafi málsaðilar ekki getað gefið sér að fjárframlagið frá ríkinu væri örugg fjármögnun og því ekki hægt að gera ráð fyrir framlaginu með þeim hætti sem gert var í ársreikningnum. Ráðið telur að rétt hefði verið að upplýsa lesendur ársreikningsins um að ein af forsendum mats stjórnenda á áframhaldandi starfsemi hafi verið að stjórnendur hafi ætlað sér að sækja um framlag frá ríkinu, en að ekki væri vísan um niðurstöðu varðandi þá umsókn.

Eins og fram kom í skýrslu stjórnar og staðfestingarbréfi til endurskoðenda uppfyllti sparisjóðurinn ekki lágmarksskilyrði um eigið fé gagnvart erlendum lánardrottnum sem gætu því gjaldfellt lán. Hefði því verið rétt að upplýsa um þetta í skýringum með ársreikningi. Ekki hafi nægt að geta um óvissuna og brot á lánaskilmálum í skýrslu stjórnar, auk þess sem þær upplýsingar sem þar komu fram hafi ekki verið nægilega upplýsandi. Endurskoðendaráð telur því að uppi hafi verið óvísan sem gera hefði átt grein fyrir í skýringum með ársreikningi, sbr. 25. gr. IAS nr. 1 og álitni endurskoðendanna.

Þá ber að auki að geta þess að eftirfarandi leiðbeiningar koma fram í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (International Standards on Auditing – ISA) varðandi ályktun um áframhaldandi rekstur:

ISA 570.18 If the auditor concludes that the use of the going concern assumption is appropriate in the circumstances but a material uncertainty exists, the auditor shall determine whether the financial statements:

- (a) *Adequately describe the principal events or conditions that may cast significant doubt on the entity's ability to continue as a going concern and management's plans to deal with these events or conditions; and*
- (b) *Disclose clearly that there is a material uncertainty related to events or conditions that may cast significant doubt on the entity's ability to continue as a going concern and, therefore, that it may be unable to realize its assets and discharge its liabilities in the normal course of business. (Ref: Para. A20)*

ISA 570.19 If adequate disclosure is made in the financial statements, the auditor shall express an unmodified opinion and include an Emphasis of Matter paragraph in the auditor's report to:

- (a) *Highlight the existence of a material uncertainty relating to the event or condition that may cast significant doubt on the entity's ability to continue as a going concern; and*
- (b) *Draw attention to the note in the financial statements that discloses the matters set out in paragraph 18. (See ISA 706.) (Ref: Para. A21-A22)*

ISA 570.20 If adequate disclosure is not made in the financial statements, the auditor shall express a qualified opinion or adverse opinion, as appropriate, in accordance with ISA 705. The auditor shall state in the auditor's report that there is a material uncertainty that may cast significant doubt about the entity's ability to continue as a going concern. (Ref: Para. A23-A24)

Endurskoðendaráð er auk framangreinds sammála þeirri niðurstöðu skoðunarmanna að skjölun endurskoðendanna um forsendur stjórnenda um áframhaldandi starfsemi hafi ekki verið nægjanlega skýr.

Á grundvelli þess sem að framan greinir er það niðurstaða endurskoðendaráðs að ekki hafi verið fjallað með fullnægjandi hætti í ársreikningi X um þann vafa sem var á því að sparisjóðurinn gæti haldið áfram rekstri til að minnsta kosti 12 mánaða eins og áskilið er í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og málsaðilar ekki brugðist við því með viðeigandi hætti í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem vikið er að hér að framan.

Álit endurskoðendanna

Í úttekt skoðunarmanna voru gerðar alvarlegar athugasemdir við fyrirvaralaus áritun á ársreikning sparisjóðs X fyrir árið 2008. Töldu skoðunarmenn að vegna verulegra annmarka á skjölun á mati útlánasafnsins og fjáreignum sem tilgreindar voru á gangvirði léki vafi á því að vinnuskjöl endurskoðenda rökstyddu fyrirvaralaus áritun á ársreikninginn.

Í bréfi til málsaðila, dags. 11. nóvember 2013, kemur fram að endurskoðendaráð teldi rétt að gera alvarlega athugasemd við álit endurskoðendanna. Byggði mat ráðsins á því að verulegir annmarkar væru á skjölun og niðurstöðum vegna fjáreigna á gangvirði og vegna verulegrar óvissu um rekstrarhæfið, án fullnægjandi upplýsinga um þá óvissu í ársreikningnum.

Í athugasemdum málsaðila var meðal annars gerð athugasemd við að skoðunarmenn hafi litið framhjá ástandi efnahagsmála á þeim tíma sem endurskoðunin fór fram. Endurskoðendaráð telur hins vegar, með tilliti til efnahagsmála á þeim tíma sem endurskoðun ársreikningsins fór fram, að ítarlegri skýringar hefði átt að veita varðandi óvissu um mat á eignum en þörf er á í stöðugra efnahagsumhverfi. Er það einnig mat endurskoðendaráðs að ekki hafi verið rétt að takmarka upplýsingar um óvissu vegna efnahagsástandsins af þeirri ástæðu að lesendur ársreiknings hafi vitað af efnahagsástandinu og þar af leiðandi þeirri óvissu sem var til staðar um mat á eignum sparisjóðsins. Í því sambandi vísar ráðið til ákvæða 125-131 og 133 IAS nr. 1., en þar segir:

125. *An entity shall disclose information about the assumptions it makes about the future, and other major sources of estimation uncertainty at the end of the reporting period, that have a significant risk of resulting in a material adjustment to the carrying amounts of assets and liabilities within the next financial year. In respect of those assets and liabilities, the notes shall include details of:*

- (a) their nature, and*
- (b) their carrying amount as at the end of the reporting period.*

126 *Determining the carrying amounts of some assets and liabilities requires estimation of the effects of uncertain future events on those assets and liabilities at the end of the reporting period. For example, in the absence of recently observed market prices, future-oriented estimates are necessary to measure the recoverable amount of classes of property, plant and equipment, the effect of technological obsolescence on inventories, provisions subject to the future outcome of litigation in progress, and long-term employee benefit liabilities such as pension obligations. These estimates involve assumptions*

about such items as the risk adjustment to cash flows or discount rates, future changes in salaries and future changes in prices affecting other costs.

- 127 The assumptions and other sources of estimation uncertainty disclosed in accordance with [paragraph 125](#) relate to the estimates that require management's most difficult, subjective or complex judgements. As the number of variables and assumptions affecting the possible future resolution of the uncertainties increases, those judgements become more subjective and complex, and the potential for a consequential material adjustment to the carrying amounts of assets and liabilities normally increases accordingly.
- 128 The disclosures in paragraph 125 are not required for assets and liabilities with a significant risk that their carrying amounts might change materially within the next financial year if, at the end of the reporting period, they are measured at fair value based on recently observed marked prices. Such fair values might change materially within the next financial year but these changes would not arise from assumptions or other sources of estimation uncertainty at the end of the reporting period.
- 129 An entity presents the disclosures in [paragraph 125](#) in a manner that helps users of financial statements to understand the judgements that management makes about the future and about other sources of estimation uncertainty. The nature and extent of the information provided vary according to the nature of the assumption and other circumstances. Examples of the types of disclosures an entity makes are:
- (a) the nature of the assumption or other estimation uncertainty;
 - (b) the sensitivity of carrying amounts to the methods, assumptions and estimates underlying their calculation, including the reasons for the sensitivity;
 - (c) the expected resolution of an uncertainty and the range of reasonably possible outcomes within the next financial year in respect of the carrying amounts of the assets and liabilities affected; and
 - (d) an explanation of changes made to past assumptions concerning those assets and liabilities, if the uncertainty remains unresolved.
- 130 This Standard does not require an entity to disclose budget information or forecasts in making the disclosures in paragraph 125.
- 131 Sometimes it is impracticable to disclose the extent of the possible effects of an assumption or another source of estimation uncertainty at the end of the reporting period. In such cases, the entity discloses that it is reasonably possible, on the basis of existing knowledge, that outcomes within the next financial year that are different from the assumption could require a material adjustment to the carrying amount of the asset or liability affected. In all cases, the entity discloses the nature and carrying amount of the specific asset or liability (or class of assets or liabilities) affected by the assumption.
- 133 Other IFRSs require the disclosure of some of the assumptions that would otherwise be required in accordance with paragraph 125. For example, IAS 37 requires disclosure, in specified circumstances, of major assumptions concerning future events affecting classes of provisions. IFRS 7 requires disclosure of significant assumptions the entity uses in estimating the fair values of financial assets and financial liabilities that are carried at fair value. IAS 16 requires disclosure of significant assumptions that the entity uses in estimating the fair values of revalued items of property, plant and equipment.

Samkvæmt framangreindum ákvæðum alþjóðlegra reikningsskilastaðla skulu skýringar í ársreikningum innihalda upplýsingar um ályktanir viðkomandi einingar um framtíðina og aðrar mikilvægar forsendur matskenndra liða í árslok, þar sem umtalsverð hætta er á verulegum leiðréttingum á bókfærðu verði eigna og skulda á næsta uppgjörsári. Skýringarnar skulu innihalda ítarlegar upplýsingar um eðli þessara eigna og bókfært verð þeirra í árslok. Jafnframt skal meta áhrifin samkvæmt mismunandi forsendum (næmnigreining). Ekki verður séð að slíkar skýringar, sem uppfylli framangreind ákvæði staðlanna, séu til staðar í ársreikningi sparisjóðs X fyrir árið 2008.

Í ákvæðunum kemur einnig fram að skýringar skuli vera þannig settar fram að þær auðveldi notendum reikningsskila að skilja þær forsendur sem stjórnendur gefa sér um framtíðina og mikilvæga óvissuþætti. Dæmi um skýringar á óvissuþáttum koma fram í framangreindri 129. gr. Í 131. gr. kemur síðan fram að í sumum tilvikum sé óraunhæft, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, að upplýsa um áhrifin af mismunandi forsendum á mati á eignum og skuldum. Í slíkum tilvikum skal upplýsa um að það sé raunhæfur möguleiki, miðað við fyrirliggjandi þekkingu, að niðurstaða næsta fjárhagsárs geti orðið verulega frábrugðin gefnum niðurstöðum sem gæti leitt til verulegra breytinga á bókfærðu verði eigna eða skulda. Hins vegar skuli í öllum tilvikum upplýsa um eðli og bókfært verð eigna og skulda sem mikil óvissa sé um.

Það er því niðurstaða endurskoðendaráðs að ársreikningur sparisjóðs X hafi ekki uppfyllt framangreind ákvæði staðalsins með því að veita ekki nægjanlegar upplýsingar um óvissu varðandi mat á eignum sparisjóðsins.

Endurskoðendaráð telur einnig að auk framangreindra krafna um skýringar varðandi óvissu um mat á eignum skorti þær upplýsingar í ársreikning sparisjóðs X sem krafist er samkvæmt IFRS 7.27 og IFRS 7.40, sbr. eftirfarandi:

IFRS 7.27 An entity shall disclose:

the methods and, when a valuation technique is used, the assumptions applied in determining fair values of each class of financial assets or financial liabilities. For example, if applicable, an entity discloses information about the assumptions relating to prepayment rates, rates of estimated credit losses, and interest rates or discount rates.

IFRS 7.40 Unless an entity complies with paragraph 41, it shall disclose:

- (a) a sensitivity analysis for each type of market risk to which the entity is exposed at the end of the reporting period, showing how profit or loss and equity would have been affected by changes in the relevant risk variable that were reasonably possible at that date;*
- (b) the methods and assumptions used in preparing the sensitivity analysis;
and*
- (c) changes from the previous period in the methods and assumptions used, and the reasons for such changes.*

Á grundvelli alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða endurskoðendaráðs að ekki hafi verið fullnægjandi upplýsingar í ársreikningi sparisjóðs X fyrir árið 2008 um þá óvissu sem var til staðar í efnahagsumhverfi Sparisjóðsins og möguleg áhrif þess á áframhaldandi rekstur sparisjóðsins í að

minnsta kosti næstu 12 mánuði. Sökum þess hafi endurskoðendur hans átt að gera fyrirvara í áritun sinni eða setja fram neikvætt álit á ársreikningnum, sbr. ISA 570.20.

Ennfremur er það niðurstaða endurskoðendaráðs að jafnvel þó endurskoðendur sparisjóðsins hafi metið það svo að nægar upplýsingar hafi legið fyrir í ársreikningnum, m.a. með vísan til upplýsinga um óvissu vegna efnahagsástandsins og upplýsinga um brot á lánasamningum í skýrslu stjórnar með ársreikninginum, hafi að lágmarki átt að setja fram ábendingu í áritun endurskoðendanna á ársreikninginn þar sem vísað væri til þeirrar óvissu og þeirra brota á lánasamningum sem fram komu í skýrslu stjórnar, sbr. ISA 570.19.

Með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða endurskoðendaráðs að A og B hafi við endurskoðun ársreiknings sparisjóðs X fyrir árið 2008 brotið gegn ákvæðum 9. og 11. gr. laga nr. 79/2008 svo ekki verði við unað. Af þeim sökum og með vísan til 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 veitir endurskoðendaráð þeim hér með áminningu vegna framangreindra brota.